

Þegar barnabílstóll er festur í bíl er nauðsynlegt að það sé gert á réttan hátt. Þó að barn sé í barnabílstól getur það slasast alvarlega eða látið lífið sé stóllinn ekki rétt festur. Mikið hefur áunnist varðandi öryggi barna í bílum og hefur slysum á þeim fækkað verulega síðustu árin. Góður öryggisbúnaður sem er rétt notaður skiptir þar höfuðmáli.



## Öryggi barna er á okkar ábyrgð

### Í 71. gr. umferðarlaga segir m.a.:

*Ökumaður skal sjá um að í stað öryggisbeltis, eða ásamt því, noti barn viðurkenndan barnabílstól, beltispúða eða annan sérstakan öryggis- og verndarbúnað ætlaðan börnum lægri en 150 sm á hæð. Ef slíkur búnaður er ekki í bifreið skal nota öryggisbelti fyrir barnið.*

*Barn sem er lægra en 150 sm á hæð má ekki vera farþegi í framsæti bifreiðar sem búin er uppblásanlegum öryggispúða fyrir framan sætið.*

*Barn yngra en þriggja ára má ekki vera farþegi í fólks-, sendi- eða vörubifreið nema hún sé með viðeigandi öryggis- og verndarbúnaði ætluðum börnum. Ökumaður skal sjá um að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað.*

Í könnunum sem gerðar hafa verið við leikskóla víða um land síðan 1996 kemur í ljós að notkun öryggisbúnaðar hefur aukist ár frá ári. Það er þó áhyggjuefni að töluvert er um að börn noti öryggisbúnað sem hvorki hæfir þyngd þeirra né aldri. Í nýlegri könnun kom í ljós að um 14% barna notuðu engan búnað eða einungis öryggisbelti sem er ófullnægjandi búnaður.

Öryggisbelti er hannað fyrir fullorðið fólk og því þarf, með beltinu, að nota viðeigandi búnað, annað hvort barnabílstól eða bílpúða með eða án baks, hafi barn ekki náð 150 sm hæð.



## Hvaða búnaður hentar?

### Öryggisbúnaði er skipt í fimm flokka eftir þyngd barnsins:

Flokkur 0	– þyngd að 10 kg	Börn frá fæðingu til u.þ.b. 12–15 mánaða.
Flokkur 0+	– þyngd að 13 kg	Börn frá fæðingu til u.þ.b. 12–18 mánaða.
Flokkur 1	– þyngd 9–18 kg	Börn frá u.þ.b. 9 mánaða til 3 ára.
Flokkur 2	– þyngd 15–25 kg	Börn frá u.þ.b. 3–6 ára.
Flokkur 3	– þyngd 22–36 kg	Börn frá u.þ.b. 4–10 ára.

### Flokkur 0

Stólar í þessum flokki eru ætlaðir yngstu börnunum og henta þar til barnið hefur náð 10 kg þyngd. Stólarnir snúa baki í akstursstefnu, annað hvort í fram- eða aftursæti. Þessir stólar eru alltaf festir með þriggja festu öryggisbeltum nema annað sé tekið fram. Sé stóllinn í framsæti á sætið að vera eins langt frá mælaborði og hægt er. Það sama á við um fjarlægð að baki framsætis sé stóllinn hafður í aftursæti. **Aldrei má hafa barnabílstól í framsæti ef uppblásanlegur öryggispúði er fyrir framan sætið.**

Mælt er með því að búið sé að kaupa fyrsta bílstól barnsins áður en barnið fæðist. Oftar en ekki dvelja móðir og barn aðeins fáeinir klukkustundir á fæðingardeildinni og þá getur verið óþægilegt að hafa ekki rétta stólinn til að fara með barnið heim í.

### Flokkur 0+

Stólar í þessum flokki eru ætlaðir börnum að 13 kg eða þar til þau eru u.þ.b. 12–18 mánaða. Eins og með stóla í 0 flokki þá eru þessir stólar festir með þriggja festu öryggisbeltum og snúa baki í akstursstefnu annað hvort í fram- eða aftursæti.



### Flokkur 1

Þessir stólar eru ætlaðir börnum sem eru 9–18 kg eða u.þ.b. 9 mánaða til 3 ára. Sumir stólar í þessum flokki eru gerðir til að geta snúið annað hvort fram eða aftur miðað við akstursstefnu. **Barn í bakvísandi barnabílstól er mun líklegra til að sleppa óskaddað verði slys heldur en barn sem situr í barnabílstól sem snýr fram.**

### Flokkur 2

Þetta er viðurkenndur öryggisbúnaður fyrir börn sem eru 15–25 kg eða u.þ.b. 3–6 ára. Til eru stólar í þessum flokki fyrir börn allt að 36 kg, með eða án belta. Ef valinn er stóll þar sem öryggisbelti bílsins (þriggja punkta) er notað, þarf beltíð að falla vel að líkama barnsins. Öryggisbeltið á að liggja yfir öxl og brjóst og neðra beltíð yfir læri. Ef barnið er smávaxið er betra að velja stól með innbyggðum beltum því annars situr öryggisbelti bílsins ekki rétt á barninu.

### Flokkur 3

Öryggisbúnaður fyrir börn sem eru 22–36 kg eða u.þ.b. 4–10 ára. Þetta eru bílpúðar, með eða án baks. Bílpúðar með baki veita betri vörn en bílpúðar án baks því að á bakinu eru lykkjur eða hök til þess að þræða öryggisbeltið í þannig að það falli rétt að líkama barnsins en bakið veitir einnig stuðning við höfuðið. Bílpúðar með og án baks eru hafðir í aftursæti og eru þeir festir með þriggja festu öryggisbelti. Mikilvægt er að gæta þess að öryggisbeltið liggja yfir læri og á öxl barnsins. Börn ættu ekki að nota eingöngu öryggisbelti fyrr en þau hafa náð 150 sm hæð eða u.þ.b. 10–12 ára aldri. Ef öryggisbeltið liggur á maga og hálsi barnsins er það of lágvaxið fyrir bílpúða og ætti því frekar að vera í barnabílstól.

Athugið að einnig eru til stólar sem hægt er að nota frá fæðingu til u.þ.b. 4 ára aldurs.


## Viðurkenndur öryggisbúnaður

### Öryggis- og verndarbúnaður fyrir börn í bílum skal vera viðurkenndur.

Einungis er leyfilegt að selja hér á landi búnað sem uppfyllir öryggisstaðla, annað hvort Evrópustaðalinn ECE, bandaríska staðalinn FMVSS eða kanadíska staðalinn CMVSS.

E-viðurkenning felur í sér að búnaðurinn uppfyllir kröfur samkvæmt ECE-reglugerð nr. 44.03. Bandaríska og kanadíska merkingin þýðir að búnaðurinn er í samræmi við þarlenda staðla.

Æskilegast er að nota stól sem merktur er ECE í bíla sem framleiddir eru fyrir Evrópumarkað. Að sama skapi er best að nota stóla sem merktir eru FMVSS og CMVSS í bíla sem framleiddir eru fyrir bandarískan markað annars vegar og kanadískan hins vegar.



### Hvað er ISOFIX?

Í mörgum nýrri bílum eru ISOFIX-festingar. Festingarnar eru hluti af grind bílsins og eru settar þar þegar bíllinn er smíðaður. Í bílum sem hafa slíkar festingar eru ekki notuð öryggisbelti til að festa stólinn heldur eiga festingar á stólnum sjálfum að passa við ISOFIX-festingarnar. LESIÐ LEIÐBEININGARNAR VEL.

### Athugið:

■ Uppblásanlegur öryggispúði er lífshættulegur börnum.

■ Lausir hlutir í bílum geta valdið slysum í árekstri ef þeir kastast á farþega eða ökumann.

■ Þegar keyptur er barnabílstóll skal athuga hvort hann henti bæði bíl og barni.

■ Lesið leiðbeiningar vandlega og gætið þess að stólarnir séu rétt festir.



UMFERDARSTOFA

## Mikilvæg öryggisatriði

### Miðsætið aftur í

Ef miðsætið aftur í er með þriggja festu beltí er það talið öruggasta sætið í bílum fyrir bílpúða eða barnabílstól. Tveggja festu öryggisbelti veitir að sjálfsöggðu mun minna öryggi en þriggja festu öryggisbelti þar sem það getur ekki stöðvað hreyfingar efri hluta líkamans og þrýstingur eykst á innri líffæri og neðri hluta hryggjar. Þess vegna á ekki að nota miðjusætið fyrir barn ef þar er aðeins tveggja festu öryggisbelti, nema að það sé í barnabílstól sem festa má með tveggja festu öryggisbelti.

### Aldur stóla og ástand

Eiginleikar þeirra efna sem notuð eru í stólum breytast með tímanum og því er almennt ekki mælt með því að nota stóla sem eru orðnir eldri en 6 til 8 ára. Ekki má nota stól sem hefur orðið fyrir hnjaski eða skemmdum.

### Passar stóllinn í bílinn?

Þegar nýr stóll er keyptur er nauðsynlegt að athuga hvort hann passi í viðkomandi bíl. Ef nota á stólinn í fleiri en einum bíl þarf hann að passa í öllum tilvikum. Mikilvægt er að fara alltaf eftir þeim leiðbeiningum sem fylgja með öryggisbúnaði um rétta festingu hans, sem og leiðbeiningum frá framleiðanda bílsins, séu þær fyrir hendi.

### Uppblásanlegur öryggispúði er lífshættulegur börnum

Hættan felst í högginu sem verður þegar púðinn þenst út og lendir á höfði og efri hluta líkama barnsins af miklum þunga. Höggið getur leitt til alvarlegra áverka eða jafnvel dauða. Samkvæmt lögum mega börn undir 150 sm hæð ekki sitja í framsæti bíls ef uppblásanlegur öryggispúði er fyrir framan sætið.



Nánari upplýsingar fást á [www.us.is](http://www.us.is) eða með fyrirspurn á [umferdarstofa@us.is](mailto:umferdarstofa@us.is).

## Öryggi barna í bíl

